


**Rannsóknir á seiðastofnum  
Húseyjarkvíslar árið 2000**

**Bjarni Jónsson  
og  
Guðmundur Ingi Guðbrandsson**



**VEIÐIMÁLASTOFNUN**  
Norðurlandsdeild

**Rannsóknir á seiðastofnum  
Húseyjarkvíslar árið 2000**

**Bjarni Jónsson  
og  
Guðmundur Ingi Guðbrandsson**

**Hólum, janúar 2001**

**VMST-N-01002**

## Inngangur

Gerð var athugun seiðastofnum Húseyjarkvíslar 5. og 28 ágúst 2000. Markmið þessara athugana var að fá yfirlit yfir árgangastyrkleika og útbreiðslu laxa,- bleikju,- og urriðaseiða, vöxt og afkomu í Húseyjarkvísl. Á grundvelli þessara upplýsinga er mat lagt á heildarástand fiskistofna í Húseyjarkvísl.

## Aðferðir

Ástand seiðastofna í Húseyjarkvísl var kannað með rafveiðum. Í ágúst 2000 var rafveitt á 9 stöðum í Húseyjarkvísl; Veitt var á flestum sömu stöðum og undanfarin ár (Bjarni Jónsson, 2000, VMST-N-00007). Bætt var við einum nýjum stað í Húseyjarkvísl neðan Glaumbæjar sumarið 1999 en þar var ekki hægt að veiða sumarið 2000 vegna aurburðar í ánni. Stærð rafveiðistaða var á bilinu  $18m^2$ -  $899m^2$  en hún var minni á stöðum þar sem meira virtist af seiðum eða að aðstæður í ánni leyfðu ekki stærra veiðisvæði. Veidd var ein umferð á hverjum stað. Rafveiðistaðir voru valdir með það að augnamiði að fá sem heildstæðasta mynd af seiðabúskap vatnasvæðisins. Af þeim sökum er þeirri aðferð beitt að veiða sem víðast á vatnasvæðinu og rafveiðum valin staður eins og kostur er á grýttum eða dæmigerðum köflum í ánni þar sem von er meiri seiðaframleiðslu og fleiri árganga seiða.

## Niðurstöður rafveiða

Á efsta rafveiðistaðnum neðan við Reykjafoss, stað 1 veiddust þrír árgangar laxaseiða; eins-, tveggja,- og þriggja ára seiði (tafla 1; mynd 1a). Seiðaþéttleiki hefur aukist á þessum stað frá því sumarið 1999 (Bjarni Jónsson, 2000) og voru tveggja ára seiði þar mest áberandi. Ekki veiddust urriðaseiði á þessum stað.

Rafveitt var í tveimur grjótgörðum ofan Saurbæjarbrúar. Í þeim efri, garði 6 talið frá Saurbæjarbrú veiddist mikið af laxaseiðum. Fjórir árgangar laxaseiða voru þar í nokkrum þéttleika, vorgömul, eins,- tveggja,- og þriggja ára seiði. Einnig varð vart við fjögurra ára seiði á þessum stað (tafla 1; mynd 1a). Mikið var af vorgömlum og eins árs urriðaseiðum í grjótgardinum, auk tveggja ára seiða (tafla 2; mynd 2a).

Í grjótgardí 4 ofan brúar var talsvert af laxaseiðum, alls fjórir árgangar. Mest var af vorgömlum laxaseiðum og tveggja ára seiðum, en einnig eins,- og þriggja ára seiði

(tafla 1; mynd 1a). Mun minna reyndist af laxaseiðum í þessum görðum sumarið 1999 (Bjarni Jónsson, 2000). Eins og í grjótgarðinum fyrir ofan veiddist mikið af urriðaseiðum, tveir árgangar vorgömul og eins árs seiði (tafla 2; mynd 2a).

Á hefðbundnum rafveiðistað ofan Saurbæjarbrúar, stað 2 var nú nokkuð af laxaseiðum, aðeins af vorgömlum seiðum, eins árs seiði, tveggja,- og þriggja ára (tafla 1; mynd 1b). Á þessum stað var aðeins vottur af laxaseiðum sumarið 1999 (Bjarni Jónsson, 2000). Vottur var af vorgömlum og eins árs urriðaseiðum á þessum veiðistað (tafla 2; mynd 2a).

Veitt var í fyrsta grjótgarði neðan Saurbæjarbrúar. Þar var nokkuð af vorgömlum til þriggja ára laxaseiðum en í fremur litlum þéttleika (tafla 1; mynd 1b), líkt og sumarið 1999 (Bjarni Jónsson, 2000). Aðeins veiddist af vorgömlum og tveggja ára urriðaseiðum en meira af eins árs seiðum (tafla 2; mynd 2b).

Í grjótgarði 4 neðan brúar reyndist talsverður þéttleiki laxaseiða. Mest var af vorgömlum og tveggja ára laxaseiðum, en einnig nokkuð af eins árs og þriggja ára seiðum (tafla; mynd 1b). Töluvvert veiddist af eins árs urriðaseiðum og vottur af vorgömlum og tveggja ára seiðum (tafla 2; mynd 2b).

Aðeins varð vart tveggja árganga laxaseiða í 6 garði neðan brúar, eins, og tveggja ára seiða (tafla 1; mynd 1c). Eins og í grjótgörðunum ofar í ánni var mikið af eins árs urriðaseiðum á þessum stað og nokkuð af vorgömlum og tveggja ára urriðaseiðum (tafla 2; mynd 2b).

Í þriðja garði talið frá Laugarhyl veiddust ekki vorgömul laxaseiði en eins,- tveggja,- og þriggja ára laxaseiði komu fram í veiðinni (tafla 1; mynd 1c). Mikið var af vorgömlum urriðaseiðum í þessum grjótgarði auk eins árs seiða (tafla 2; mynd 2c).

Á hefðbundnum athugunarstað við Laugarhyl hefur fjöldi laxaseiða aukist talsvert á milli ára. Á þeim stað veiddust fjórir árgangar laxaseiða; vorgömul, eins árs, tveggja,- og þriggja ára seiði (tafla 1; mynd 1c). Einnig var nokkuð af urriðaseiðum á þessum kafla, fjórir árgangar, vorgömul til þriggja ára seiði (tafla 2; mynd 2c).

## Umræða

### *Umræða um niðurstöður rafveiða*

Talsverð umskipti hafa orðið á seiðastofnum í Húseyjarkvísl á milli ára. Hrygning virðist hafa tekist þokkalega haustið 1999 þrátt fyrir litlar laxagöngur það ár. Jafnframt hafa árgangar skilað sér vel á milli ára og afföll verið minni en oft áður. Laxaseiðin hafa vaxið vel og voru í góðum holdum. Flestir árgangar laxaseiða voru nú víðast um Húseyjarkvísl þó í mismiklum þéttleika hafi verið. Mikið var um urriðaseiði og njóta þau væntanlega góðs af því að minna hefur verið um laxaseiði í ánni.

Grjótgarðarnir í Húseyjarkvísl er nú aftur farnir að gegna hlutverki sínu. Þegar seiðapéttleikinn var sem minnstur sumarið 1999 nýttust þeir ekki sem skyldi og sú aukna burðargeta árinnar fyrir seiði sem varð með tilkomu þeirra. Garðarnir eru flestir í mjög góðu ásigkomulagi og henta vel til uppeldis og skjóls fyrir laxaseiði. Garðarnir voru allir metnir með tilliti til virkni þeirra sumarið 1999 (Bjarni Jónsson, 2000).

Grjótgarðarnir hafa sannað sig sem uppeldisstaðir fyrir laxaseiði á sumrin en vetrarathuganir á seiðum í Húseyjarkvísl hafa sýnt að gildi þeirra er ekki síðra sem skjöl fyrir seiði yfir vetrartímann. Seiðin virðast safnast nokkuð í garðana yfir veturinn og dreifa sér svo aftur meira yfir sumarið um ánnu (Bjarni Jónsson óbirt gögn).

### *Almenn umræða*

Slakar heimtur á laxi úr sjó úr ám á Norðurlandi hafa eins og víðar komið illa niður á laxastofnum Húseyjarkvíslar. Þegar saman fara slæmar heimtur úr hafi yfir lengri tíma og hátt veiðíálag getur skapast hætta á því að of fáir laxar verði eftir til hrygningar í smærri og auðveiddari ám eins og Húseyjarkvísl.

Ýmsar leiðir hafa verið reyndar til að efla laxastofna Húseyjarkvíslar. Um margra ára skeið var sleppt töluverðu magni laxaseiða í ánnu en þau seiði skiluðu ekki því sem til var ætlast. Farnar voru nýjar og vistvænni leiðir til að styrkja stofna árinnar. Mikil þróunarvinna hefur átt sér stað með gerð búsvæða fyrir seiði í Húseyjarkvísl. Sú vinna hefur nú skilað því að umtalsverð aukning hefur orðið á ákjósanlegum búsvæðum

fyrir laxaseiði í ánni. Til þess að þessi auknu búsvæði skili sem bestum árangri þarf að vera næg hrygning í Húseyjarkvísl.

Langvarandi seiðasleppingar, jafnvel þó af stofni árinnar sé geta verið skaðlegar fyrir náttúrulega laxastofna árinnar. Sérstaklega á það við þegar náttúruleg hrygning er í lágmarki og líklegt að sleppiseiði undan tiltölulega fáum foreldrum geti orðið umtalsverður hluti seiða í ánni. Innræktun og tap á mikilvægum einkennum náttúrulegra stofna geta orðið niðurstaða slíkra aðgerða. Seiðasleppingar í Húseyjarkvísl eru líklegar til að skila skammvænum árangri en verða skaðlegir laxastofnum til lengri tíma litið. Gripið hefur verið til seiðasleppinga til að bæta fyrir ofveiði í ýmsum ám en slíkar aðgerðir hafa ekki skilað tilætluðum árangri, sérstaklega ekki þar sem ekki er tekið á hinum raunverulegu vandamálum sem valda náttúrulegri seiðafæð, svo sem veiðisókn. Seiðasleppingar eru “verkjalyf en ekki lækning”. Dæmi um slíkt eru langvarandi seiðasleppingar í Núpsá í Miðfirði sem jafnframt var langvarandi ofveidd, þar veiddist einn lax sumarið 2000. Annað dæmi er Laxá í Skefilsstaðahreppi og hlutar Fitjár í Víðidalssýslu. Einnig má benda á að umfangsmiklar seiðasleppingar í Laxá í Aðaldal hafa ekki skilað þeim laxagöngum sem vonast hefur verið til.

Það sem þarf til að efla laxastofna Húseyjarkvíslar og laxastofna í ýmsum öðrum ám er sveigjanlegra nýtingarform. Þegar göngur eru slakar úr hafi og laxagöngur litlar þarf að fylgjast sérstaklega vel með nýliðun og seiðabúskap í ánum. Þegar merki sjást um að seiðastofnar séu of litlir í ánum þarf að bregðast við vandanum með sveigjanlegri sókn. Þannig geti sókn orðið mismunandi eftir því hvert ástand laxastofnanna er. Sókn verði minnkuð þegar sýnt þykir að nýliðun sé ekki sem skyldi en aukin astur þegar laxastofnarnir hafa styrkt sig. Slíkt fyrirkomulag kallar á náið samkomulag á milli landeigenda, veiðifélags og leigutaka eða seljenda veiðileyfa. Einnig þarf að fylgjast grannt með ástandi laxastofnanna svo hægt sé að bregðast við í tíma. Ef of langt líður áður en gripið er til nauðsynlegra aðgerða getur orðið langt og tímafrekt verk að ná stofnunum upp astur.

Veiðitími var styttur í Húseyjarkvísl sumarið 2000 til að tryggja nægjanlega hrygningu síðar um haustið. Árangur af þessari aðgerð mun koma í ljós sumarið 2001. Seiðastofnar árinnar eru á uppleið en áframhaldandi varfærni er þörf. Lagt er til að

beitt verði svipuðum veiðitakmörkunum í Húseyjarkvísl sumarið 2001 og gert var sumarið 2000. Til þess að tryggja sem besta nýtingu á laxastofnum árinnar er einnig lagt til að haldið verði opnum þeim möguleika að bæta við veiðitímann ef sýnt þykir að laxagöngur séu góðar og hrygning haustið 2000 hafi tekist vel. Slíkt væri hægt að ákvarða um mitt summar. Ekki er ástæða til sérstakrar bjartsýni um stórlaxagöngur í Húseyjarkvísl sumarið 2001 en ekki hægt að afskrifa þokkalegar smálaxagöngur. Ólíklegt er að beita þurfi veiðitakmörkunum eins og gert var sumarið 2000 lengur en í tvö ár.

Umræða hefur verið um hvort að ekki sé hægt að nýta betur neðsta svæði árinnar, hið svokallaða silungasvæði. Miklir möguleikar eru á að auka tekjur af því svæði með vel skipulögðu átaki þar sem saman fara betri kynning á svæðinu og aðstaða á staðnum. Rannsóknir sýna að svæðið gæti gefið af sér enn betri silungsveiði en nýtt hefur verið til þessa.


**Tafla 1:** Þéttleiki veiddra laxaseiða eftir aldri og uppruna á hverja 100 m<sup>2</sup> á rafveiðistöðum í Húseyjarkvísl 5. og 28. ágúst 2000.

Staður	Veiðisv. m <sup>2</sup>	Aldur				
		0+	1+	2+	3+	4+
Stöð 1	750m2		0,27	2,80	1,33	
Garður 6 o.brú.	70m2	5,71	7,14	14,29	5,71	1,42
Garður 4 o.brú.	72m2	9,72	4,17	6,94	2,78	
Stöð 2	899m2	0,78	1,44	1,11	0,22	
Garður 1 n.brú	100m2	3,00	1,00	4,00	3,00	
Garður 4 n.brú	90m2	7,78	4,44	6,67	4,44	
Garður 6 n.brú.	80m2		7,50	3,75		
3.garður v/Laugarh.	18m2		22,22	22,22	16,67	
Stöð 3	300m2	4,33	5,67	5,00	2,00	


**Tafla 2:** Þéttleiki veiddra urriðaseiða eftir aldri og uppruna á hverja 100 m<sup>2</sup> á rafveiðistöðum í Húseyjarkvísl 5. og 28. ágúst 2000.

Staður	Veiðisv. m <sup>2</sup>	Aldur				
		0+	1+	2+	3+	4+
Stöð 1	750m2					
Garður 6 o.brú.	70m2	18,57	95,71	2,85		
Garður 4 o.brú.	72m2	9,72	26,39			
Stöð 2	899m2	0,22	0,66			
Garður 1 n.brú	100m2	1,00	22,00	1,00		
Garður 4 n.brú	90m2	2,22	18,88	3,33		
Garður 6 n.brú.	80m2	1,25	35,00	8,75		
3.garður v/Laugarh.	18m2	50,00	22,22			
Stöð 3	300m2	2,33	4,33	1,33	0,33	


Stöð: 1



Garður 6, ofan brúar




Garður 4, ofan brúar




**Mynd 1a.** Lengdar og aldursdreifing veiddra laxaseiða í Húseyjarkvísl 5. og 28. ágúst 2000.


## Stöð 2



## Garður 1 neðan brúar




## Garður 4 neðan brúar




**Mynd 1b.** Lengdar og aldursdreifing veiddra laxaseiða í Húseyjarkvísl 5. og 28. ágúst 2000.


### Garður 6 neðan brúar






### Þriðji garður v/Laugarhyl






### Stöð 3





**Mynd 1c.** Lengdar og aldurs dreifing veiddra laxaseiða í Húseyjarkvísl 5. og 28. ágúst 2000.



**Mynd 2a.** Lengdar og aldursdreifing veiddra urriðaseiða í Húseyjarkvísl 5. og 28. ágúst 2000.



**Mynd 2b.** Lengdar og aldursdreifing veiddra urriðaseiða í Húseyjarkvísl 5. og 28. ágúst 2000.



**Mynd 2c.** Lengdar og aldursdreifing veiddra urriðaseiða í Húseyjarkvísl 5. og 28. ágúst 2000.